

Fréttatilkynning

Reykjavík, 18. ágúst 2017

SALA Á KEAHÓTELUM

Gengið hefur verið frá sölu á Keahótelum ehf. Seljendur eru Horn II slhf., Tröllahvönn ehf. og Selen ehf. Kaupandi er fjárfestingafélagið K Acquisitions ehf. en að baki því félagi standa bandaríska fasteignafélagið JL Properties, með 25% hlut, bandaríska eignastýringarfyrirtækið Pt Capital Advisors með 50% hlut og íslenska fjárfestingarfélagið Tröllahvönn með 25% hlut. Tröllahvönn var áður eigandi að 36% hlut í Keahótelum og er því um endurfjárfestingu að ræða að hluta. Nýir eigendur hyggjast reka fyrirtækið í óbreyttri mynd og verður Páll L. Sigurjónsson áfram framkvæmdastjóri Keahótela.

Keahótel eru þriðja stærsta hótelleiðja landsins með 624 herbergi á 8 hótelum sem staðsett eru á Akureyri, við Mývatn og í Reykjavík. Hótelin eru Apótek Hótel, Hótel Borg, Hótel Gígur, Hótel Kea, Hótel Norðurland, Reykjavík Lights, Skuggi Hótel og Storm Hótel. Þá stefnir félagið að opnun nýs 104 herbergja hótels í Reykjavík á árinu 2018. Tekjur Keahótela árið 2016 námu rúmum 4 milljörðum króna og fjöldi starfsmanna á háönn er um 300.

Íslandsbanki hafði umsjón með söluferli Keahótela og var ráðgjafi seljenda. Logos veitti seljendum lögfræðiráðgjöf í tengslum við viðskiptin. Íslensk Verðbréf og Fjeldsted & Blöndal voru ráðgjafar kaupanda.

Aðilar undirrituðu kaupsamning fyrir í sumar og hafa nú öll skilyrði samningsins verið uppfyllt. Nýir eigendur tóku við félaginu í dag, þann 18. ágúst 2017.

*„Við erum mjög ánægð að geta tilkynnt um kaup okkar á Keahótelum. Félagið á sér afar farsæla nær 20 ára sögu í ferðapjónustu á Íslandi og er í dag þriðja stærsta hótelleiðja landsins. Hótel félagsins eru afar vel staðsett og félagið hefur getið sér gott orðspor fyrir góða þjónustu og vandaða hönnun hótela. Framundan eru spennandi tímar hjá félaginu þegar Exeter, nýtt 104 herbergja hótel, opnar við hafnarvæðið í Reykjavík á næsta ári. Við teljum Keahótel í sterkri stöðu til að vaxa frekar og nýta þau tækifæri sem við sjáum til sóknar og samlegðar í íslenskri ferðapjónustu,“ segir **John Rubini, stjórnarformaður og forstjóri JL Properties.***

*“Ísland er frábært land til að fjárfesta og Pt Capital er spennt fyrir því að taka þátt í frekari uppbyggingu Keahótela í samstarfi við meðfjárfesta okkar frá Íslandi og Alaska. Íslenskur ferðapjónustumarkaður hefur vaxið gríðarlega hratt undanfarin ár og við hlökkum til að vinna að því að viðhalda og styrkja gott orðspor Keahótela til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, starfsfólki og aðra haghafa.” segir **Hugh Short, stjórnarformaður og forstjóri Pt Capital***

*„Það hefur verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt að taka þátt í uppbyggingu Keahótela og íslenskrar ferðapjónustu undanfarin ár. Kaup sterkra erlendra fjárfesta á ráðandi hlut í félaginu endurspeglar að til staðar eru mörg tækifæri til sóknar og samlegðar í íslenskri ferðapjónustu. Endurfjárfesting okkar í félaginu endurspeglar ennfremur trú okkar á framtíð félagsins. Um leið og við þökkum Horni fyrir gott samstarf bjóðum við nýja hluthafa velkomna í hópinn og hlökkum til að vinna með þeim að áframhaldandi framgangi félagsins.“ segir **Kristján Grétarsson stjórnarformaður Keahótela***

„Það hefur verið mjög ánægjulegt að vera þátttakandi í vexti og viðgangi Keahótela undanfarin 3 ár. Félagið hefur á þeim tíma vaxið mikið og skipað sér sess sem ein stærsta hótélkeðja landsins. Við hjá Horni viljum þakka stjórn og starfsfólki Keahótela fyrir árangursríkt og gott samstarf og erum þess fullviss að félagið muni eflast enn frekar á komandi árum.“ segja **framkvæmdastjórar hjá Horni II.**

Um JL Properties:

JL Properties, stýrt af stofnanda þess of forstjóra Jonathan Rubini, er stærsta fasteigna-, fasteignapróunar-, og fjárfestingafélag Alaska. Eignasafn félagsins telur yfir 185.000m² og er markaðsvirði þess metið á yfir 2 milljarða bandaríkjadala. Heimamarkaður félagsins er Alaska en félagið á jafnframt eignir í Utah, Georgíu og Flórdía fylkjum. Safnið samanstendur af bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Kaupin á Keahótelum eru fyrsta fjárfesting JL Properties á Íslandi.

Um Pt Capital Advisors:

Pt Capital Advisors LLC er dótturfélag Pt Capital LLC sem er bandarískt eignastýringarfyrtæki með höfuðstöðvar í Anchorage í Alaska. Pt Capital sem er samstæða nokkurra félaga, stýrt af Hugh Short stjórnarformanni og forstjóra, var stofnað árið 2013. Félagið sérhæfir sig í fjárfestingum á norðurslóðum, þar með talið Alaska, norðurhluta Kanada, á Grænlandi og á Íslandi. Kaupin á Keahótelum er önnur fjárfesting samstæðunnar á Íslandi en Pt Capital Advisors keypti ráðandi hlut í fjarskiptafélaginu Nova í mars síðastliðnum.

Um Tröllahvönn:

Tröllahvönn er í eigu þeirra Andra Gunnarssonar, Fannars Ólafssonar, Kristjáns Grétarssonar og Þórðar H. Kolbeinssonar. Tröllahvönn hefur verið í eigendahópi Keahótela frá árinu 2012.

Disclosure

Pt Capital Advisors, LLC is an investment adviser registered with the U.S. Securities and Exchange Commission ("SEC"). The registration with the SEC does not imply a certain level of skill or training, nor does it imply endorsement by the SEC. This communication should not be construed as an investment advice, offer to sell or a solicitation of an offer to buy any securities or investment advisory services, and is intended for informational purposes only. Any offer will be made solely pursuant to a Private Placement Memorandum and Subscription Agreement ("Offering Documents") to qualified offerees. This communication in whole or in part will not form the basis of and should not be relied upon in connection with any investment in any fund. To the extent that statements made in this document summarize provisions of the Offering Documents, they are qualified in their entirety by the terms of such Offering Documents. A copy of the Offering Documents must be reviewed and accepted prior to making a decision to invest in any fund. An investment in any fund may result in loss to an investor. Interests in Pt Capital's private funds are not offered or sold in any jurisdiction in which such offer, solicitation or sale would be unlawful, until the requirements of the laws of such jurisdiction have been satisfied.